

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
Björn Ingi Edvardsson

Reykjavík, 6. október 2023
UST202309-092/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Heildarendurskoðun á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2023 - 2040

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar er barst 8. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu heildarendurskoðunar á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2023 - 2040.

Í greinargerð kemur fram að helstu áherslurættir við endurskoðun aðalskipulagsins eru: Almennar forsendur um þróun flugumferðar miðað við uppfærðar farþegaspár, endurskoðun á núverandi flugbrautakerfi og flugbrautum og uppfæra þarf breytingar á þegar gildandi ytri mörkum svæðisins. Auk þess segir að endurskoða þurfi landnotkun innan skipulagssvæðis og byggingarmagn, skoða hver og hvernig áhrif af Kadeco þróunaráætluninni eru á gildandi aðalskipulag Keflavíkurflugvallar og skoða samgöngu- og veitukerfið í nærumhverfi flugvallarins. Einnig þarf að skoða áfangaskiptingu uppbyggingar, staðsett verða efnisvinnslusvæði og geymslusvæði fyrir mengaðan og ómengaðan jarðveg, við skipulagsvinnu verði miðað við skilmála sem koma fram í skipulagsreglum Keflavíkurflugvallar og svæðisskipulagi Suðurnesja og mótun skipulagsins byggji á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og stefnu og aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum.

Loftslagsmál

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að uppfærsla á aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er í vinnslu.

Loftgæði

Í greinargerð lýsingar kemur fram að umhverfismatsskýrsla¹ frá mars 2023 verður nýtt í fyrirhugaðri vinnu. Í umhverfismatsskýrslu er vitnað í skýrslu sem unnin var árið 2016 fyrir Isavia af Háskólanum í Aveiro í Portúgal og verkfræðistofunni Eflu, en þar var reiknaður styrkur nokkurra loftmengunarefna fyrir árin 2015 og 2025.² Niðurstöður sýndu að það

¹ [KEF matsskýrsla Jan2023 \(skipulag.is\)](#)

²

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/2015/Mat%20%C3%A1%20loftg%C3%A6%C3%B0um%20Keflav%C3%ADkurflugv%C3%B6llur.pdf>

loftmengunarefni sem þarfnast helst skoðunar er köfnunarefnisdíoxíð (NO_2). Skýrslan sýnir verulega hækkun á styrk efnisins til ársins 2025 og getur hækkun á styrkleika klukkustundargildis numið allt að $150 \mu\text{g}/\text{m}^3$. Hækkunin virðist vera einna mest í byggðinni í Reykjanesbæ. Þeir útreikningar sem sýna þessa miklu hækkun til ársins 2025 eru þó eingöngu frá flugi og ekki er í skýrslunni frá 2016 tekið tillit til losunar frá öðrum uppsprettum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í umhverfismatinu verði skoðuð samlegð við aðra losun loftmengunarefna á svæðinu. Það væri þá öll umferð á svæðinu, bæði á Reykjanesbrautinni og önnur umferð, t.d. öll umferð innanbæjar í Reykjanesbæ. Einnig losun frá iðnaði og losun frá skipaumferð til og frá höfnum á svæðinu. Þetta er sérstaklega mikilvægt að skoða fyrir norðurhluta Reykjanesbæjar en þar gerir skýrslan frá 2016 ráð fyrir mestri aukningu NO_2 . Aukin flugumferð hefur í för með sér afleidda mengun á svæðinu, t.d. meiri bílaumferð ferðamanna í Reykjanesbæ, fleiri hvalaskoðunarferðir og tíðari komur skipa með flugvélaeldsneyti.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt er að fjalla um fráveitumál á flugvellinum, að settar séu fram matsspurningar og umhverfisviðmið tengd fráveitu.

Í greinargerð segir að áhrif uppbyggingar og reksturs á veitukerfi verði skoðað og auk þess kemur fram að í fyrri fasa (til 2035) komi allt að 12,9 milljónir farþega á ári og í seinni fasa (til 2045) er miðað við uppbyggingu innviða fyrir allt að 15,9 milljónir farþega.

Kröfur um hreinsun á fráveituvatni eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og skal hreinsun á skólpi frá flugvellinum uppfylla kröfur um tveggja þrepa hreinsun með losunarmörkum fyrir COD og BOD5.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé á Keflavíkurflugvelli, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu (pe.), eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

Vatnamál

Nauðsynlegt er að fjalla um vatnamál á áhrifasvæði flugvallarins, að settar séu fram matsspurningar tengda vatnamálum og umhverfisviðmið þar sem vitnað er í viðeigandi lög og reglugerðir ásamt vatnaáætlun.

Allar framkvæmdir og skipulag eiga að vera í samræmi við stefnumörkun [vatnaáætlunar](#) og 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins Rosmhvalanes 2 (104-115-G) er að vera í góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu. Strandsjávarhlotið Hafnir að Gróttu nr. 104-1382-C skal vera í mjög góðu/góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Þau markmið eru lagalega bindandi skv. lögum um stjórn vatnamála. Þeir aðilar sem leggja álag á vatnshlot með starfsemi sinni þurfa að meta umfang þeirra áhrifa sem af starfsemi þeirra hlýst og fara í mótvægisaðgerðir til að lágmarka áhrifin.

Framkvæmdaraðili skal vinna mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotið og hvort hætta sé á að umhverfismarkmið þeirra náist ekki. Mikilvægt er að það komi fram í forsendum tillögunnar, m.a. hvaða mengunarefni finnast í grunnvatnshlotinu, hvert umfang þessara efna er og hvort einhver þeirra séu í þeim styrk að grunnvatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Þá þarf að gera grein fyrir nýtingu á grunnvatni sem neysluvatni fyrir núverandi farþegafjölda og álag og aukningu vatntöku samhliða mikilli aukningu farþegafjölda til ársins 2040. Auk þess þarf að koma fram hver áætluð áhrif framtíðar umsvifa á flugvellinum mun hafa á ástand vatnshlotanna.

Samkvæmt vatnaáætlun má ástand vatnshlota ekki rýrna en vatnshlotið Rosmhvalanes 2 hefur verið skilgreint í *hættu* á að ná ekki umhverfismarkmiðum um gott efnafræðilegt ástand skv. vatnaáætlun. Vegna óvissu um ástand vatnshlotsins hafa tvær aðgerðir verið sérstaklega settar fram í [aðgerðaáætlun](#) vatnaáætlunar til að skera úr um ástand vatnshlotsins. Önnur aðgerðin fjallar um kortlagningu á álagi og starfsemi í tengslum við Rosmhvalanes 2 en fara þarf í frekari gagnaöflun til að skera úr um ástand grunnvatnshlotsins.

Umhverfisstofnun vinnur nú að gerð leiðbeininga fyrir framkvæmdaraðila/starfsemi um gerð áhrifamats og bendir stofnunin á að hafa samband við starfsmenn í vatnamálum hvað málaflokkinn varðar.

Hljóðvist

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í skipulagsáætluninni hver áhrif annarrar flugumferðar verða á hljóðvist, s.s. flugumferð herþota og þyrlla.

Mengaður jarðvegur

Í greinargerð lýsingar kemur fram að sett verða upp efnisvinnslusvæði og geymslusvæði fyrir mengaðan og ómengaðan jarðveg en gert er ráð fyrir að allt jarðvegsefni, sem fellur til vegna framkvæmda innan svæðis, verði endurnýtt sé það mögulegt. Umhverfisstofnun telur æskilegt að það sé sér umhverfisþáttur í umhverfismati sem nefnist jarðvegur eða mengaður jarðvegur.

Umhverfisstofnun bendir á að umtalsverð starfsemi í tengslum við flugrekstur hefur verið á svæðinu undanfarna áratugi sem hefur valdið álagi og mengað jarðveginn. Þar má helst nefna starfsemi sem tengist hernum, slökkviliðsæfingar (PFAS efni), viðgerðir, urðun, brennslu eldsneytis, geymsla, þvottur flugvéla og afísingar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur, eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum þar sem grunur er um mengun.³

³ https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/mengadur-jardvegur/ataksverkefni/?fbclid=IwAR2u6Bjte8BfiDoCK9pY2VY8Vw_LmOjxKDxGVuUujhxcHKj5TZ8h3fV7dXk

Mikilvægt er að kortleggja þessi svæði eins nákvæmlega og hægt er og að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Stofnunin bendir á að sé jarðvegurinn mengaður, þá er meðhöndlun hans starfsleyfis skyldur skv. 19. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og flokkast starfsemin sem endurnýting úrgangs.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjalla um úrgangsmál og meðhöndlun úrgangs á flugvellinum, að settar séu fram matsspurningar tengdar úrgangsmálum og umhverfisviðmið þar sem vitnað er í viðeigandi lög og reglugerð tengda úrgangsmálum. Umhverfisstofnun bendir á að í júní 2021 gaf umhverfisráðherra út nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé heildstætt um stefnu í úrgangsmálum sveitarfélagsins og þann úrgang sem fellur til, þ.e. úrgangsforvarnir sem og úrgangsmeðhöndlun eftir forgangsöröðun þar sem lögð er áhersla á endurvinnslu og aðra endurnýtingu fremur en förgun.

Úrgangur frá alþjóðlegum flutningstækjum

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á leiðbeiningum varðandi meðhöndlun úrgangs frá flutningstækjum í alþjóðlegri umferð. Markmið leiðbeininganna er að skýra í hvaða tilfellum endurnýta má úrgang frá flutningstækjum í alþjóðlegri umferð og í hvaða tilfellum farga verði úrgangi frá þeim án endurnýtingar.⁴

Svæðisáætlun

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur fram að sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skuli semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Jafnframt kemur fram að svæðisáætlun skuli fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir og að þar skuli m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á viðkomandi svæði, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og upplýsingar um hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um svæðisáætlunina sem sveitarfélagið er þátttakandi í, forsendukafla aðalskipulagsins og hvernig skipulagsáætlunin samræmist svæðisáætluninni.

⁴ <https://ust.is/atvinnulif/urgangsmal/urgangur-fra-althjodlegum-flutningstaekjum/>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri